

Fundargerð

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa - 484. fundur

haldinn í fundarherbergi Norðurhelli 2,
30. október 2013 og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi, Málfríður
Kristjánsdóttir og Þormóður Sveinsson.

Fundargerð ritaði: Bjarki Jóhannesson,.

Dagskrá:

A-HLUTI - BYGGINGARLEYFI

Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010

1 1310225 - Klukkuvellir 1, Byggingarleyfi

Ástak ehf sækir 14.10.13 um leyfi til að byggja 4. hæða fjölbýlishús með kjallara.
Smakvæmt teikningum Gunnars Páls Kristinssonar dags.08.10.13.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein
mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði 1-4 liðar 13.
greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt.*

13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:

- 1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.*
- 2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.*
- 3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.*
- 4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.*

2 1310336 - Brattakinn 3. Byggingarleyfi

Ingimar Jón Þorvaldsson sækir 21.10.13 um leyfi til að byggja garðskála. Samkv.
teikningum Gísla G. Gunnarssonar dagsettar 12.10.13.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein
mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarleyfi verður gefið út þegar leiðrétt gögn hafa borist
og skilyrði 1-4 liðar 13. greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt. Sjá meðfylgjandi
athugasemdir.*

13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:

- 1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.*
- 2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.*
- 3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir*

skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.
4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.

3 1309622 - Trönuhraun 10, breyting

Lindaberg ehf sækir 27.09.13 um breytingu á Trönuhrauni 10 í gistiheimili samkv teikningum Erlendar Á. Hjálmarsonar dagsettar: 28.08.13. Nýjar teikningar bárust 29.10.13.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði 1-4 liðar 13. greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt.

13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:

- 1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.*
- 2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.*
- 3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.*
- 4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.*

4 1309416 - Suðurhvamur 15, yfirbygging á svölum

Elísabet Valgeirsdóttir og Sigfús Þór Magnússon sækja 18.09.13 um að byggja yfir svalir samkvæmt teikningum Gísla Gunnarssonar dags. 21.08.2013. Ný teikning barst dagsett 18.10.13. Skipulags- og byggingarráð tók jákvætt í fyrirspurn um málið með þeim fyrirvara að teikningar bærust sem samræmdust byggingarreglugerð. Í byggingarreglugerð segir m.a. grein 4.3.1: "Aðaluppdráttur að húsi skal sýna grunnflöt allra hæða þess og milliflata, mismunandi sneiðar húss og lóðar og allar hliðar." Innlagðir uppdrættir sýna einungis umrædda íbúð og uppfylla þar með ekki reglugerðarákvæðið sem kveður á um að uppdrættirnir skuli sýna húsið.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010, en fellur frá fyrri samþykkt um nýja skráningartöflu. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði 1-4 liðar 13. greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt.

13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:

- 1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.*
- 2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki. Aðaluppdráttur skal hér sýna grunnflöt þeirrar hæðar hússins alls sem breytingin á við ásamt útlit þeirra húshliða (alls hússins) sem breytingin hefur áhrif á.*
- 3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.*
- 4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.*

5 1105183 - Klukkuberg 1,veggur á lóð byggingarleyfi

Orri Blöndal sækir 10.05.11 um að endurnýjun byggingarleyfis fyrir stoðvegg í plani á framlóð landnúmer 121466 samkvæmt reyndarteikningum Sigurðar Hallgrímssonar dags.01.05.11.

Nýjar teikningar bárust 21.10.13.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

B-HLUTI – SKIPULAGSERINDI

Til kynningar í Skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn Hafnarfjarðar skv. samþykkt um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum, sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 9.ágúst 2005.

6 1310448 - Klukkuvellir 23 - 27, deiliskipulagsbreyting.

Tekin fyrir tillaga AVH arkitekta að breytingu á deiliskipulagi lóðanna, dags. 29.10.13. Skipulags- og byggingarráð hafði heimilað að unnin yrði tillaga að breytingunni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar erindinu í grenndarkynningu skv. 2. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

7 1209262 - Álfhella 17, fyrirspurn um lóðarstækkun

Lögð fram fyrirspurn Slysavarnarfélagsins Landsbjargar send í tölvupósti dags. 13. september 2012 varðandi lóðarstækkun við ofangreinda lóð. Bæjarráð óskar eftir umsögn skipulags- og byggingarfulltrúa og jafnframt nánari upplýsingum um byggingaráform. Upplýsingarnar hafa borist.

Skipulags- og byggingarfulltrúi tekur jákvætt í erindið þar sem grjótnámunni hefur verið lokað.

8 SB050643 - Strandgata 41

Tekið fyrir erindi um gerð niðurfelldrar skábrautar í aðkomu að hárgreiðslustofu til að auðvelda hreyfihömluðum aðgengi.

Skipulags- og byggingarfulltrúi tekur jákvætt í erindið fyrir sitt leyti. Lögð fram umsögn Umhverfis og framkvæmdasviðs: Tröppur á teikningum eru sýndar á bæjarlandi. Eðlilegast er að heimila lóðarhafa að fara í framkvæmdir við tröppur á eigin kostnað á bæjarlandi.

9 1310179 - Gjáhella 11, breyting á deiliskipulagi

Járn og blikk sækir 09.10.13 um breytingu á deiliskipulagi að Gjáhellu 11 skv. uppdrætti dags. 27.10.13.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar erindinu í grenndarkynningu skv. 2. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 þegar leiðréttur uppdráttur hefur borist.

10 1310415 - Umsókn um flutning á skólastofum

Ólafur Þórarinn Steinbergsson sækir um 28.10.13 um að flytja tvær skólastofur frá Elliðavatni á Geymslusvæðið í Kapelluhrauni tímabundið.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið til 3 mánaða með fyrirvara um samþykki eiganda Geymslusvæðisins.

11 1310290 - Óseyrarbraut 3. Fyrirspurn

Ásmundur Jóhannsson leggur 16.10.13 inn fyrirspurn varðandi breytingu á starfsemi við Óseyrarbraut 3. Erindinu var vísað til umsagnar Hafnarstjórnar sem hafnar íbúðum á hafnarsvæðinu.

Skipulags- og byggingarfulltrúi tekur neikvætt í erindið með vísan til umsagnar Hafnarstjórnar.

12 1310402 - Mosabarð 6, fyrirspurn um garðhús

Juraté Akuceviciuté spyr með vefumsókn dags. 25.10.13 hvort garðhús á lóðinni fái st samþykkt.

Skipulags- og byggingarfulltrúi tekur neikvætt í erindið, þar sem garðhúsið er yfir stærðarmörkum fyrir smáhýsi og erindið samræmist því ekki deiliskipulagi.

13 1105490 - Hrauntunga 24, göngustígur

Á afgreiðslufundi þann 1. júní 2011 var lóðarhafa gert að fjarlægja lokað hlið við göngustíg. Komið hefur í ljós að hliðið er ennþá á umræddum stað og gróðursett hefur verið á göngustíginn sem er á bæjarlandi. Þetta lokar þar með gönguleið barna á leið í skóla. Deiliskipulag gerir ráð fyrir göngustíg á þessum stað. Skipulags- og byggingarfulltrúi ítrekaði 30.08.2012 fyrri bókun og beindi því til lóðarhafa að fjarlægja hliðið án tafar.

Skipulags- og byggingarfulltrúi beinir því til Umhverfis- og framkvæmdasviðs að ryðja göngustíginn á kostnað húseigenda í samræmi við 3. mgr 56. greinar laga um mannvirki nr. 160/2010, hafi ekki verið brugðist við því innan 3 vikna.

C-HLUTI – ERINDI SEM ER FRESTAÐ EÐA SYNJAÐ
Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010

14 1310359 - Stapahraun 11. Stöðuleyfi fyrir gám

Te og kaffi sækir 22.10.13 um stöðuleyfi fyrir 40 feta gám. Sjá meðfylgjandi gögn.

Fram kemur að gámarnir eigi að notast tímabundið sem milligangur. Ekki er heimilt að veita stöðuleyfi fyrir aðra gáma en þá sem notast eiga til geymslu skv. grein 2.6.1 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Erindinu er því synjað eins og það liggur fyrir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

Bjarki Jóhannesson (sign)
Þormóður Sveinsson (sign)

Málfríður Kristjánsdóttir (sign)